

## Afkoma Arion banka á fyrsta ársfjórðungi 2012

Afkoma Arion banka á fyrsta ársfjórðungi ársins 2012 var jákvæð um 4,5 milljarða króna eftir skatta samanborið við 3,0 milljarða á árinu 2011. Arðsemi eigin fjár var 16,5% samanborið við 11,3% á sama tímabili árið 2011. Árshlutareikningurinn fyrir fyrsta ársfjórðung 2012 er óendurskoðaður.

Eiginfjárhlutfall bankans í lok tímabilsins var 20,2% en í lok fyrsta ársfjórðungs 2011 var það 19,2%, krafa Fjármálaeftirlitsins kveður á um 16% eiginfjárhlutfall.

### Helstu atriði árshlutareikningsins:

- Hagnaður eftir skatta nam 4,5 mö.kr. samanborið við 3,0 ma.kr. á sama tímabili 2011.
- Hagnaður af reglulegri starfsemi nam 2,5 mö.kr. samanborið við 3,1 ma.kr. á síðasta ári.
- Rekstartekjur námu alls 10,9 mö.kr. samanborið við 9,5 ma.kr. 2011.
- Hreinar vaxtatekjur námu 6,2 mö.kr. samanborið við 5,9 ma.kr. árið 2011.
- Arðsemi eigin fjár var 16,5% en var 11,3% árið 2011. Arðsemi af reglulegri starfsemi var 9,1% samanborið við 12,7% á sama tímabili í fyrra.
- Vaxtamunur af meðalstöðu vaxtaberandi eigna var 3,1% á tímabilinu samanborið við 3,4% árið 2011.
- Eiginfjárhlutfall var 20,2% samanborið við 19,2% á sama tíma 2011 og 21,2% í lok árs 2011. FME gerir kröfu um 16%.
- Lausafjárhlutfall bankans var 30,2% sem er vel yfir 20% kröfu FME.
- Reiðufjárhlutfall bankans var 13,9%, en FME gerir kröfu um 5%.
- Útlán til viðskiptavina í lok tímabilsins námu 584,2 mö.kr., samanborið við 432,5 ma.kr. á sama tíma 2011. Aukningin skýrist fyrst og fremst af yfirtöku á íbúðalánasafni Kaupþings undir lok árs 2011.
- Heildareignir námu 899,4 mö.kr., samanborið við 802,7 ma.kr. í lok mars 2011.
- Eigið fé bankans í lok mars 2012 var 119,0 ma.kr. en nam 112,7 mö.kr. í lok mars 2011.

### Höskuldur H. Ólafsson, bankastjóri Arion banka:

„Uppgjörið fyrir fyrsta ársfjórðung er gott. Uppgjörið ber vott um þann stöðugleika sem verið hefur í grunnrekstri bankans undanfarin misseri. Það er einnig jákvætt hve vel fjárfestar hafa tekið sértryggðri skuldabréfaútgáfu bankans, jafnt verðtryggðri útgáfu sem og óverðtryggðri. Útgáfan stuðlar að aukinni fjölbreytni í fjármögnun bankans sem er afar mikilvægt. Hins vegar hefur óvissa sem tengist gengislánum og dómum Hæstaréttar dregið verulega úr hraða við úrvinnslu skuldamála. Þessi óvissa er óþægileg fyrir viðskiptavinum okkar, en til að eyða óvissunni þarf Hæstaréttur að fella fleiri dóma og er brýnt að það verði sem fyrst. En uppgjörið sýnir að bankinn er fjárhagslega sterkur og vel í stakk búinn til að mæta þörfum einstaklinga og atvinnulífs.“

Nánari upplýsingar veitir Haraldur Guðni Eiðsson, samskiptasviði Arion banka, [haraldur.eidsson@arionbanki.is](mailto:haraldur.eidsson@arionbanki.is), s: 856 7108.



## Rekstrarreikningur – helstu atriði

Rekstrarreikningur				
Í milljónum króna	1. ársfj. '12	1. ársfj. '11	Mism.	%
Hreinar vaxtatekjur	6.214	5.886	328	6%
Hrein breyting á verðmati lána og krafna	(76)	(413)	337	82%
Samtals hreinar vaxtatekjur og matsbreyting	6.138	5.473	665	12%
Hreinar þóknatekjur	2.336	2.492	(156)	(6%)
Hreinar fjármunatekjur	346	729	(383)	(53%)
Hreinn gengishagnaður (tap)	1.083	(312)	1.395	-
Aðrar rekstrartekjur	952	1.099	(147)	(13%)
<b>Rekstrartekjur</b>	<b>10.855</b>	<b>9.481</b>	<b>1.374</b>	<b>14%</b>
Laun og launatengd gjöld	(3.045)	(2.658)	(387)	15%
Annar rekstrarkostnaður	(2.757)	(2.463)	(294)	12%
<b>Hagnaður fyrir skatta</b>	<b>5.053</b>	<b>4.360</b>	<b>693</b>	<b>16%</b>
Tekjuskattur	(1.061)	(1.045)	(16)	2%
Bankaskattur	(268)	(67)	(201)	300%
<b>Hagnaður af áframhaldandi starfsemi</b>	<b>3.724</b>	<b>3.248</b>	<b>476</b>	<b>15%</b>
Hreinar tekjur (gjöld) af aflagðri starfsemi	727	(282)	1.009	-
<b>Hagnaður tímabilsins</b>	<b>4.451</b>	<b>2.966</b>	<b>1.485</b>	<b>50%</b>

Hagnaður fyrsta ársfjórðungs nam 4.451 milljón króna samanborið við 2.966 milljónir króna á sama tímabili árið 2011, sem er hækkun upp á 50% milli ára. Hækkunin skýrist fyrst og fremst af hagnaði dótturfélags Arion banka, Eignabjargs, af sölu hlutabréfa í Högum sem og gengishagnaði.

### Rekstrartekjur

Rekstrartekjur á fyrsta ársfjórðungi 2012 námu 10.855 milljónum króna samanborið við 9.481 milljón á sama tímabili 2011. Hækkunin skýrist einkum af breytingu á gengismun af gjaldeyrisjöfnuði bankans.

*Hreinar vaxtatekjur* fyrir fyrsta ársfjórðung ársins 2012 námu 6.214 milljónum króna, samaborið við 5.886 milljónir króna á sama tímabili 2011. Aukningin skýrist að hluta af mun stærra lánasafni en á móti kemur að nýja lánasafnið er með lægra vaxtaálag en það sem fyrir er. Vaxtamunur af meðalstöðu vaxtaberandi eigna nemur 3,1% samanborið við 3,4% á sama tímabili fyrir ári.

*Hrein breyting á verðmati lána og krafna* var neikvæð upp á 76 milljónir króna samanborið við 413 milljóna króna gjaldfærslu á sama tímabili 2011. Litlar breytingar hafa orðið á lánasafni bankans frá því ársuppgjör hans var birt í byrjun mars.

*Hreinar þóknatekjur* námu 2.336 milljónum króna samanborið við 2.492 milljónir króna fyrir sama tímabil árið 2011. Þóknarir af kreditkortum og eignastýringu eru heldur lægri en fyrir ári sem skýrir lækkunina milli ára.

*Hreinar fjármunatekjur* námu 346 milljónum króna á tímabilinu samanborið við 729 milljónir króna á sama tímabili árið 2011. Verðbréfasafn bankans nemur um 161 milljarði króna og því eru ofangreindar virðisbreytingar ekki verulegar hlutfallslega.

*Hreinn gengishagnaður* nam 1.083 milljónum króna samanborið við tap upp á 312 milljónir króna á sama tímabili árið 2011. Unnið hefur verið að minnkun gjaldeyrisjöfnuðar bankans jafnt og þétt síðustu árin.

*Aðrar rekstrartekjur* námu 952 milljónum króna á tímabilinu samanborið við 1.099 milljónir króna árið 2011. Helstu tekjur sem falla undir aðrar rekstrartekjur eru leigutekjur af atvinnuhúsnæði í eigu Landfesta og tekjur af iðgjöldum hjá Okkar líftryggingum, sem hvort tveggja eru dótturfélög bankans.



## Rekstrarkostnaður

Rekstrarkostnaður á fyrsta ársfjórðungi 2012 nam 5.802 milljónum króna samanborið við 5.121 milljón króna á sama tímabili 2011. Kostnaðarhlutfall nam 53,1% samanborið við 51,8% á sama tímabili 2011 og kostnaður sem hlutfall af eignum nam 2,6% sem er það sama og fyrir ári.

*Laun og launatengd gjöld* námu 3.045 milljónum króna á tímabilinu samanborið við 2.658 milljónir króna árið 2011. Meðalfjöldi stöðugilda á fyrsta ársfjórðungi 2012 voru 1.157 samanborið við 1.220 á sama tímabili 2011. Þessi liður hefur m.a. hækkað frá fyrra ári vegna álagningar 5,45% fjársýsluskatts, gjaldfærslur vegna starfsmanna á uppsagnarfresti ásamt hækkun launa, sem er í takt við launavísitölu.

*Annar rekstrarkostnaður* nam 2.757 milljónum króna á tímabilinu samanborið við 2.463 milljónir króna árið 2011. Hækkun kostnaðar er m.a. tilkomin vegna hækkunar eftirlitsgjalda og iðgjalda til Tryggingasjóðs innstæðueigenda og fjárfesta.

## Skattar

*Tekjuskattur* nam 1.061 milljón króna samanborið við 1.045 milljónir króna á sama tímabili árið 2011. Virkt tekjuskattshlutfall nam 21% á tímabilinu en var 24% á fyrsta árfjórðungi ársins 2011.

*Sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki* nam 268 milljónum króna samanborið við 69 milljónir króna á fyrra ári. Ástæðan er breyting á lögum, þar sem tímabundið er lagður á skattur til að greiða uppbot á vaxtabætur, sem fjármálafyrirtæki standa straum af.

Til viðbótar hafa Arion banki og dótturfélög hans greitt 135 milljónir króna í fjársýsluskatt sem leggst á laun starfsmanna í fjármálaþjónustu, en skatturinn er 5,45%.

## Aflögð stafsemi

*Hreinar tekjur af aflagðri starfsemi* námu 727 milljónum króna samanborið við tap að fjárhæð 282 milljónir króna á sama tímabili fyrir ári. Hagnaður bankans vegna sölu á 13,3% eignarhluta í Högum í febrúar nam 821 milljón en tap af annarri aflagðri starfsemi og rekstri fullnustueigna í eigu bankans nam tæpum 100 milljónum króna.




## Efnahagsreikningur – helstu atriði

Eignir					
Í milljónum króna	31.03.12	31.12.11	Mism.%	31.03.11	Mism.%
Sjóður og innstæður í Seðlabanka	18.030	29.200	(38%)	24.629	(27%)
Útlán til lánastofnana	65.955	69.103	(5%)	84.733	(22%)
Útlán til viðskiptavina	584.154	561.550	4%	432.505	35%
Verðbréfaeign	161.004	157.659	2%	137.489	17%
Krafa á Kaupþing tengd skiptingu Kaupþings	-	-	n/a	22.507	n/a
Fjárfestingareignir	25.867	27.100	(5%)	27.149	(5%)
Fastafjármunir til sölu og aflögð starfsemi	21.852	23.886	(9%)	38.575	(43%)
Aðrar eignir	22.510	23.623	(5%)	35.100	(36%)
<b>Eignir samtals</b>	<b>899.372</b>	<b>892.121</b>	<b>1%</b>	<b>802.687</b>	<b>12%</b>

*Heildareignir* Arion banka námu 899.372 milljónum króna í lok mars 2012 samanborið við 802.687 milljónir á sama tíma fyrir ári. Aukninguna má að mestu rekja til kaupa á íbúðalánasafni Kaupþings undir lok árs 2011. Þá var lokið við uppgjör milli bankans og Kaupþings á miðju ári 2011 og krafa milli félaganna gerð upp með endurmati og tilfærslu eigna.

### Útlán til viðskiptavina

*Útlán til viðskiptavina* námu 584.154 milljónum króna í lok mars 2012 samanborið við 432.505 á sama tíma fyrir ári. Útlán hafa því aukist um 151.649 milljónir króna, þar af um 110.000 milljónir vegna íbúðalánasafnsins en aðrar hækkningar eru tilkomnar vegna nýrra lánveitinga, verðbólgu, gengismunar og endurmats á útlánasafni. Dreifing útlánanna er veruleg, þar sem lán til einstaklinga vege þyngst eða 39%.





## Verðbréfaeign

Verðbréfaeign nam 161.004 milljónum króna í lok fyrsta ársfjórðungs 2012 samanborið við 137.489 milljónir króna í lok mars 2011.

Verðbréfaeign					
Í milljörðum króna	31.03.12	31.12.11	Mism.%	31.3.11	Mism.%
Skuldabréf	142.493	140.568	1%	123.423	15%
Hlutabréf og hlutdeildarskírteini	15.096	14.045	7%	11.526	31%
Afleiðusamningar	1.313	674	95%	395	232%
Verðbréf til áhættuvarna	2.102	2.372	(11%)	2.145	(2%)
<b>Verðbréf samtals</b>	<b>161.004</b>	<b>157.659</b>	<b>2%</b>	<b>137.489</b>	<b>17%</b>

Arion banki nýtti hluta af lausafé sínu til kaupa á auðseljanlegum skuldabréfum og aukningin í skuldabréfaeign frá síðasta ári felst í því. Breyting á hlutabréfaeign tengist yfirtöku á eignarhlutum í tengslum við skuldauppgjör fyrirtækja, í skráðum og óskráðum bréfum, bæði í íslenskum og erlendum félögum.

## Fastafjármunir til sölu og aflögð starfsemi

Eignir vegna *fastafjármuna til sölu og aflagðrar starfsemi* námu 21.852 milljónum króna í lok tímabilsins samanborið við 38.575 milljónir króna í lok mars 2011. Lækkunin er einkum tilkomin vegna brotthvarfs Haga sem dótturfélags úr eignasafninu en á móti kemur að eignarhlutir bankans í N1 hf. og HB Granda hf. hafa bæst við safnið frá fyrra ári. Bankinn vinnur að sölu þessara eigna og sér fram á að þær muni minnka verulega til ársloka 2012.

Skuldir og eigið fé					
Í milljónum króna	31.03.12	31.12.11	Mism.%	31.03.11	Mism.%
Innlán lánastofnana og Seðlabanka	37.032	16.160	129%	68.322	(46%)
Innlán frá viðskiptavinum	462.193	489.995	(6%)	472.359	(2%)
Skuldir vegna aflagðrar starfsemi	4.444	4.950	(10%)	10.181	(56%)
Aðrar skuldir	50.536	47.150	7%	47.232	7%
Lántaka	192.109	187.203	3%	65.180	195%
Víkjandi lántaka	34.047	32.105	6%	26.730	27%
Eigið fé	119.011	114.558	4%	112.683	6%
<b>Skuldir og eigið fé samtals</b>	<b>899.372</b>	<b>892.121</b>	<b>1%</b>	<b>802.687</b>	<b>12%</b>

*Heildarskuldir* námu 780.381 milljón króna í lok fyrsta ársfjórðungs 2012 samanborið við 690.004 milljónum í lok mars 2011. Ástæða þessarar aukningar er einkum yfirtakan á 117.000 milljón króna útgáfu Kaupþings sem tryggð er með yfirteknu íbúðalánasafni. Til viðbótar hefur önnur lántaka aukist með nýrri sértryggðri skuldabréfaútgáfu upp á 2.500 milljónir í febrúar 2012 og nýtt víkjandi lán á árinu 2011 upp á rúma 6 milljarða í tengslum við arðgreiðslu bankans til ríkisins.

## Innlán

*Heildarinnlán* bankans námu 499.225 milljónum króna samanborið við 540.681 milljón króna í lok mars 2011. Á miðju árinu 2011 skilaði Kaupþing inn bankaleyfi sínu og við það fluttust innstæður félagsins hjá Arion banka milli flokka í efnahagsreikningi bankans. Á fyrsta ársfjórðungi 2012 tók einn stærsti innlánseigandi bankans út innstæður sínar í tengslum við uppgjör við erlendan kröfuhafa sinn



með aðkomu Seðlabankans og fleiri aðila. Við þessa breytingu telur bankinn að stofn innstæðna sé nú betri og lausafjár- og reiðufjárlutföll heilbrigðari en áður.

### **Lántaka**

*Lántaka* bankans nam 192.109 milljónum króna í lok mars 2012 samanborið við 65.180 milljónir í lok sama tímabils 2011. Hækkunin skýrist af nýjum lánum, annars vegar yfirtekin útgáfa frá Kaupþingi upp á um 117.000 milljónir króna í tengslum við kaup á íbúðalánasafni og hins vegar ný útgáfa á verðtryggðum sértryggðum skuldabréfum í febrúar 2012 upp á 2.500 milljónir, sem seld var fagfjárfestum. Til viðbótar hefur veiking íslensku krónunnar og hækkun á vísitölu neysluverðs haft áhrif til hækkunar á lántöku bankans á síðasta ári.

### **Víkjandi lántaka**

*Víkjandi lántaka* bankans nam 34.047 milljónum króna í lok fyrsta ársfjórðungs 2012 samanborið við 26.730 milljónir í lok mars 2011. Breytingin er annars vegar nýtt víkjandi lán sem veitt var af ríkinu í tengslum við arðgreiðslu bankans til ríkisins á öðrum ársfjórðungi 2011 og hins vegar breyting vegna veikingar á íslensku krónunni gagnvart erlendum myntum sem lánin tengjast.

### **Eigið fé**

*Eigið fé* bankans nam 119.011 milljónum króna í lok mars 2012 samanborið við 112.683 milljónir í lok fyrsta ársfjórðungs 2011. Breytingin er fyrst og fremst vegna hagnaðar á árinu en á móti kemur arðgreiðsla til ríkisins á árinu 2011 upp á 6.074 milljónir króna. Eiginfjárlutfall skv. reglum Fjármálaeftirlitsins er nú 20,2% samanborið við 19,7% í lok fyrsta ársfjórðungs 2011.



## Kennitöluyfirlit

### Kennitölur

	1. ársfj. '12	1. ársfj. '11	Árið 2011	Árið 2010
Arðsemi eigin fjár	16,5%	11,3%	10,5%	13,4%
Arðsemi eigna	2,0%	1,5%	1,4%	1,5%
Vaxtamunur á vaxtaberandi eignir	3,1%	3,4%	3,4%	2,7%
Vaxtamunur á heildareignir	2,8%	3,0%	2,9%	2,4%
Kostnaðarhlutfall	53,1%	51,8%	52,5%	54,2%
Kostnaður sem hlutfall af eignum	2,6%	2,6%	2,7%	2,2%
CAR hlutfall (Eiginfjárlutfall FME)	20,2%	19,2%	21,2%	19,0%
Tier 1 hlutfall	16,0%	15,2%	16,4%	15,2%
Útlán sem hlutfall af innlánnum	126,4%	91,6%	114,6%	98,5%
Lausafjárlutfall	30,2%	34,7%	34,7%	24,8%
Reiðufjárlutfall	13,9%	15,3%	15,3%	11,2%
Meðalfjöldi stöðugilda	1.157	1.220	1.217	1.159
Fjöldi stöðugilda í lok tímabils - samstæða	1.179	1.222	1.158	1.241
Fjöldi stöðugilda í lok tímabils - móðurfélag	887	914	858	936

### Fjárhagsdagatal 2012

Samkvæmt áætlun munu árshluta- og ársuppgjör bankans birtast í neðangreindum vikum. Dagatalið er birt með fyrirvara um breytingar.

2. ársfjórðungur 2012	Vika 35
3. ársfjórðungur 2012	Vika 48
4. ársfjórðungur 2012	Vika 9 2013
Aðalfundur 2013	Mars 2013

Upplýsingar um afkomu bankans má finna á vef [Arion banka](#).